

Alþingi
Erindi nr. P 140/2283
komudagur 7.5.2012

Athugasemdir til atvinnuveganefndar Alþingis vegna umfjöllunar hennar um Rammaátætlun

Sigurður Hauksson [sigurdur.hauksson@gmail.com]

Sent: 7. maí 2012 22:52

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Ég, Sigurður Þórir Hauksson (280363-2279), geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátætlun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar sem almenningur og ferðamenn geta notið með lítilli fyrirhöfn. Þess má geta að um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar. Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaráðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.